

Fjallasalir ses (Pálshús)
Strandgötu 4, 625 Ólafsfjörður
kt: 480714-1480

Ólafsfirði, 22.10.2022

Fjárlaganefnd Alþingis.

Við hjá Pálshúsi Ólafsfirði þökkum kærlega fyrir áður veittan stuðning. Styrkirnir hafa gert okkur kleift að halda áfram uppbyggingu í „Safnahúsi Ólafsfjarðar“ Pálshúsi, sem nú er að mestu lokið nema nýja hugmyndin um kjallarann (sjá meðfylgjandi gögn). Við erum byrjuð á framkvæmdinni með ýmsum endurbótum og hefjum nú framkvæmdir við uppsetningu, smíði gripa og öllu því sem tilheyrir.

Nú leitum við aftur til fjárlaganefndar um stuðning fyrir árið 2023. Við óskum eftir styrk að upphæð kr. 5.000.000,- sem er töluvert lægra en áður. Við gerum okkur grein fyrir óvæntum útgjöldum ríkisins, en lítum á þetta verkefni að hluta til sem lið í atvinnuskapandi verkefni og aðráttarafi í komandi ferðamannastraumi. Hér er um lokaverkefni Pálshúss að ræða og reiknum við ekki með að ónáða ykkur með styrkbeiðni til uppbyggingar í framtíðinni.

Meðfylgjandi eru hugmyndir okkar að sýningu í kjallara hússins ásamt kostnaðaráætlun. Bent skal á að öll árin frá 2016 hafa kostnaðaráætlanir okkar staðist og við sniðið okkur stakk eftir vexti. Vonandi sjáið þið ykkur fært að styrkja áfram gott uppbyggingarstarf í safnamálum Ólafsfjarðar. Eins og sést á meðfylgjandi gögnum er um að ræða svolítið spennandi og skemmtilega hugmynd sem snýr aðallega að yngri kynslóðinni en líka þeim eldri og fyllir betur upp í safnaflóru hússins og tengir saman allar hæðir.

En til þess þurfum við allan þann stuðning sem við mögulega getum fengið og treystum á velvilja fjárlaganefndar í þessu máli þrátt fyrir erfiða tíma í fjármálum ríkisins.

Með vinsemd og virðingu

f.h. Fjallasala ses (Pálshúss)

Þorsteinn Ásgeirsson
formaður stjórnar